

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðmundar Böðvarssonar skálds og bónda á Kirkjubóli og konu hans Ingibjargar Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðmundar Böðvarssonar skálds og bónda á Kirkjubóli og konu hans Ingibjargar Sigurðardóttur. Heimili hans og varnarþing er í Borgarbyggð.

2. gr.

Stofnaðilar við upphaflega stofnun sjóðsins 1. september 1974 voru:

Erfingjar og afkomendur Guðmundar Böðvarssonar og Ingibjargar Sigurðardóttur, þau Kristín Guðmundsdóttir, Sigurður Guðmundsson og Böðvar Guðmundsson, Ungmennasamband Borgarfjarðar, Samband borgfirskra kvenna, Búnaðarsamband Borgarfjarðar og Rithöfundasamband Íslands. Stofnaðilar lögðu fram sem stofnfé hús skáldsins og innanstokksmuni þar. Fjár til að eignast húsið og innbú hafa stofnaðilar aflað, auk eigin framlaga, með frjálsum framlögum héraðsbúa í Borgarfirði og annarra, bæði stofnana, félagsamtaka og einstaklinga. Húsið var fyrstu árin notað sem gestaheimili fyrir rithöfunda en var selt árið 1987. Innanstokksmunir eru í varðveislu Safnastofnunar Borgarfjarðar. Söluandvirði hússins og framlög hafa myndað stofnfé sjóðsins sem er kr. 7.000.000 - sjö milljónir króna.

3. gr.

Stofnaðilar sjóðsins við formlega skráningu og staðfestingu þessarar skipulagsskrár eru:

1. Afkomendur Guðmundar Böðvarssonar og Ingibjargar Sigurðardóttur, fulltrúi þeirra er Ingibjörg Sigurðardóttir, kt. 021058-3869.
2. Ungmennasamband Borgarfjarðar, kt. 670269-0869.
3. Samband borgfirskra kvenna, kt. 550269-7169.
4. Búnaðarsamtök Vesturlands, kt. 461288-1119.
5. Rithöfundasamband Íslands, kt. 540269-5649.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að halda uppi og heiðra minningu Guðmundar skálds Böðvarssonar og konu hans Ingibjargar Sigurðardóttur, samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, með því m.a. að veita verðlaun íslensku ljóðskáldi sem þykir skara fram úr að dómi stjórnarinnar og verðlauna framtak eða afrek á sviði menningarmála í Borgarfjarðarhéraði sem hér segir:

- a) Sjóðurinn skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár veita ljóðskáldi verðlaun sem heita „Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar“.
- b) Sjóðurinn skal við sama tækifæri veita verðlaun til borgfirskrar menningarstarfsemi er heita „Borgfirsk menningarverðlaun sem Minningarsjóður Guðmundar Böðvarssonar og Ingibjargar Sigurðardóttur konu hans veitir“.
- c) Stjórn sjóðsins ákveður sjálf verðlaunahafa eða leitar samstarfs við stofnaðila.
- d) Verðlaunaupphæð og tíðni verðlaunaveitinga fer eftir tekjum sjóðsins hverju sinni.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög og af útgáfu minningarspjalda, auk vaxtatekna.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og skulu þeir tilnefndir af stofnaðilum með eftirfarandi hætti til sex ára í senn:

Einn fulltrúi af hálfu afkomenda Guðmundar Böðvarssonar og Ingibjargar Sigurðardóttur og einn til vara.

Einn fulltrúi frá Rithöfundasambandi Íslands og einn til vara.

Einn fulltrúi frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar og einn til vara.

Einn fulltrúi frá Sambandi borgfirskra kvenna og einn til vara.

Einn fulltrúi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands og einn til vara.

Ef stjórnarmaður fellur frá eða forfallast varanlega velur hlutaðeigandi stofnaðili nýjan fulltrúa.

7. gr.

Stjórnin skal almennt sjá um varðveislu eigna sjóðsins og fer með umráð þeirra og annast aðra starfsemi sjóðsins í samræmi við þessa skipulagsskrá. Stofnfé sjóðsins skal ávaxtað í Sparisjóði Mýrasýslu á bundnum reikningi með bestu vaxtakjörum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, fundarsamþykktir sínar, svo og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins til að mæta rekstrarkostnaði.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil eftir staðfestingu á þessari skipulagsskrá árið 2008. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin kýs, samþykktir og áritaðir af stjórn sjóðsins, sendir stofnaðilum til upplýsingar og Ríkisendurskoðun til skráningar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má ekki gera nema allir stofnaðilar samþykki þær.

Samþykki allir stofnaðilar að hætta starfsemi sjóðsins og leggja hann niður skal stofnféð renna til Safnastofnunar Borgarfjarðar til eflingar bókasafni héraðsins.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 9. júní 2008.

Ríkarður Mátsson.

Helgi Már Ólafsson.